

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 3. júlí 2019 | 25. tbl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift vikulega ókeypis inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

70 ára reynsla,
þekking og þjónusta
á rafgeymum



RAFGEYMASALAN

Dalshrauni 17, Hafnarfirði • 565 4060
sala@rafgeymar.is • www.rafgeymar.is

KIRKJUVELLIR 7

77,2 m² 39,8 millj. kr.

Sérlega falleg, björt og rúmgóð endaiðbúð á 4. hæð í glæsilegu lyftuhúsi. Stæði í bílahúsi. Fallegt útsýni m.a. til sjávar. Íbúðin er laus strax.

KRÓKAHRAUN 12

93,6 m² 41,9 millj. kr.

Björt og falleg 3ja herbergja íbúð á efri hæð í litlu 4ra íbúða stigahúsi. Vel staðsett miðsvæðis í Hafnarfirði. Laus strax.

ÁLFASKEIÐ 80

142,2 m² 43,9 millj. kr.

Skemmtileg og björt 5 herbergja endaiðbúð á efstu hæð (3ju), góður bílskúr. Tvennar svalir. Góð staðsetning og fínt útsýni. Laus strax.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Rattleikur
Hafnarfjarðar

Fáðu frítt Rattleikskort og njóttu sumarsins í bráðskemmtilegum leik. Kortin fást á sundstöðum, bókasafni, Fjaraðkaupum og víðar.



50 ár síðan álframleiðsla hófst í Hafnarfirði

Hátíð með starfsfólki á afmælisdeginum

Pann 1. júlí 1969 kl. 9.42 hófst framleiðsla á áli í álverinu í Straumsvík er kveikt var á fyrsta kerinu.

Álframleiðslan í Straumsvík hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf í Hafnarfirði og fjölmörg fyrirtæki hafa verið stofnuð til að þjónusta álverið á einhvern hátt. Frá því álframleiðsla hófst hafa 6,2 milljón tonn af áli verið framleidd í Straumsvík. Sífelldu eru gerðar strangari kröfur um umhverfisvæna framleiðslu og 18. júní sl. var undirrituð viljayfirlýsing þar sem álverin

þrjú á Íslandi stefna á að hreinsa og binda kolefni svo þau verði kolefnishlutlaus árið 2040.

Starfsfólk álversins gerði sér glaðan dag á mánudaginn í blíðskaparveðri og fagnaði þessum merka áfanga.



Kakan var í anda fyrstu framleiðslunnar.



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5
Opið kl. 8-17 virka daga

Jón Arlúss
KÖKULIST



Treystu
mér fyrir
veislunni!

www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655



ÚTSALA - ÚTSALA
VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

FYLGSTU MEÐ  /FJORDUR



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



leiðarinn

Áður en töfrar tölvutækninnar komu til sögu var lítið annað en góðir teiknihæfileikar sem réðu því hversu vel hægt var að kynna teikningar af húsum og skipulag.

Var oft lögð mikil vinna í slíkar kynningarmyndir sem sýndi þó aðeins eitt sjónarhorn og ekki auðvelt að breyta.

Í dag er leikur einn með sýndarveruleika að sýna hvernig hús og heilu hverfin geta litið út. Það var t.d. sýnt í Hafnarborg þegar breikkun Reykjanesbrautar var kynnt fyrir nokkru.

Því vekur það furðu að mæta á kynningarfund um rammaskipulag að kynningarmyndir eru bæði metnaðarlausar og gamlar. Ef það er vilji bæjaryfirvalda að fá skoðanir bæjarbúa á hugmyndum um framtíðarskipulag, þá er það lágmarkskrafa að myndræn gögn hjálpi fólki að skilja þær hugmyndir sem eru lagðar fram.

Í dag er auðvelt að sýna sömu tillögur frá mismunandi sjónarhornum og leyfa fólki að upplifa á hreyfimyndum hvernig er að ferðast um rýmið. Því vekur alltaf sömu furðu að sifelt sé verið að ræða og rífast um hæðina á nýbyggingunni við Fornubúðir. Svo einfalt hefði verið að sýna myndir úr hinum ýmsu hverfum, úr augnhæð íbúanna, hvernig byggingin hefði áhrif á útsýni þeirra. Nei, frekar gengur bæjarfulltrúi um og myndar og reynir að sannfæra einhverja um eitt eða annað. Þetta eru ótrúlega ófagleg vinnubrögð og ef rétt hefði verið að staðið í upphafi hefði umræðan kannski orðið eitthvað faglegri.

Deiliskipulag er ekki eitthvað sem aðeins skiptir þá sem eiga lóðir eða fasteignir hverju sinni, skipulag er til framtíðar og enginn veit ævi sýna fyrir en öll er, né hvar hann býr á morgun.

Það er í raun ótrúlegt að það þurfi að vera að ræða svona hluti, svo oft hefur verið bent á að gæði upplýsinga eru alls ekki nægar og maður fer að velta fyrir sér hvort bæjarfulltrúar vilji halda bæjarbúum í myrkrinu. Það getur þó ekki verið og því býð ég spennur eftir að hinn raunverulegi áhugi á bættu upplýsingaflæði endurspeglar í raunverulegum aðgerðum.

Að lokum legg ég til að bæjaryfirvöld geri áttak í merkingu á merkingu stöðum og minjum svo fólki þurfi ekki eftir árs búsetu að spyrja um heiti á bæjarfjallinu okkar.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Höfnin og skipaumferð

Lýðn.: Guðni Gíslason



Um þessar mundir er verið að gera rammaskipulag fyrir Flensborgarhafnar svæðið og því má búast við miklum breytingum á næstu árum. Þessi stóra bygging, sem var stærsta byggingin á svæðinu mun

brátt hverfa á bak við áframhaldandi byggingu í framhaldi af húsnæði Hafnarsóknarstofnunar sem aðeins er um þriðjungur af leyfilegu byggingarmagni.

Fjölskylduganga í Valaból

Kolbrún Kristínardóttir barnasjúkraþjálfari og áhugamaður um útivist og samverustundir leiðir göngu að Valaból. Gengið frá bílastæðinu við Kaldárselsveg kl. 18 á fimmtudag að Valaból sem er mikill ævintýrastaður með góðum klifurtjálm og spennandi hellisskúta.

Leiðin að Valaból er um það bil 2,5 km löng og auðgeng. Í Valaból snæða menn eigið nesti og farið verður í leiki. Allir eru hvattir til að taka með nesti og klæða sig eftir veðri! Ferðin tekur um það bil 3-3,5 klst í heildina.



Flutningaskipið Prio Petropalvlovsk sem var í Hafnarfjarðarhöfn lá við akkeri utan við Straumsvík á mánudag en skipið mun svo halda til Múrmansk. Ef vel er að gáð má glitta í Garðskagavita til hægri.

Tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar hefst á mánudag

Haldin í Bæjarbíói og á ráðhústorginu og stendur til 14. júlí

Bæjar- og tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar verður haldin í þriðja sinn vikuna 8.-14. júlí n.k. Hátíðin er ætluð 20 ára og eldri og verður svæðið frá Reykjavíkurvegi og að Venusarhúsinu, Strandgötu 11, afgirt á meðan á tónleikum stendur. Stóru tjaldi verður komið fyrir á ráðhústorgi þar sem tónleikar í Bæjarbíói



verða sýndir á risaskjá auk þess sem björgámur verður við tjöldin og borð og bekkir á planinu. Þá verða matarskúrur og salernisaðstaða.

Héfst hátíðin með tónleikum til heiðurs Björgvini Halldórssyni og hljómsveit í Bæjarbíói en verður varpað á skjá á útsvæði. Frítt er inn á opnunardegnum.

Útsvæðið er opið öll kvöld kl. 18 til miðnætis og til 01 fimmtudag, föstudag og laugardag en útiböll verða þá daga.

BJÖRGVIN Á FYRSTU STJÖRNU ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR Í GANGSTÉTTINI VIÐ BÆJARBÍÓ

Á opnunarkvöldi hátíðarinnar mun fyrsta Stjarna íslenskrar tónlistar verða afhjúpuð á gangstéttinni fyrir framan Bæjarbíó en það er að sjálfsgöðu Björgvini Halldórsson sem mun njóta þess heiðurs að hafa nafn sitt á fyrstu stjörnunni.

Hljómsveitin Dimma verður svo með tónleika á þriðjudagskvöld en plötusnúður leikur fyrir og eftir tónleikana.

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 7. júlí

Gönguguðspjónusta kl. 11 við Vífilsstaðavatn í Garðabæ

Í júlímánuði tekur Hafnarfjarðarkirkja þátt í messum í Garðakirkju á Álfanesi, gömlu sóknarkirkju Hafnarfirðinga. Prestar Garðaprestakalls leiða stundirnar. Ekki er messað í Hafnarfjarðarkirkju í júlímánuði.

Ekki er messað um verslunarmannahelgina 4. ágúst.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a


ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampested

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er www.utfararstofa.is

Nýr glæsilegur veitinga- staður opnaður í miðbænum

Rif restaurant opnar á næstu dögum á útsýnisstað í Firði



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Flottur arinn er það fyrsta sem maður tekur eftir þegar komið er inn.

Á annarri hæðinni í Firði með boga-gluggum út á móti höfninni hefur nú verið innréttaður nýr glæsilegur veitingastaður sem tekur 80 manns í sæti.

Þar ræður ríkjum hafnirskur Njarðvíkingur, Ævar Olsen matreiðslumeistari sem stofnaði sinn fyrsta matreiðslustað í gömlu lögreglustöðinni í Keflavík árið 1996 og nefndi hann Olsen Olsen. Sá staður gengur enn og hefur Ævar

rekið ýmsa staði með góðum árangri síðan.


Segir Ævar Rif restaurant eiga að vera fjölskyldustað, stað fyrir alla sem vilja borða góðan mat fyrir sanngjart verð í fallegu umhverfi.

Hafnirfski innanhússarkitektinn Hans Unnpór Ólason hannaði staðinn og innréttaði og er ekki annað hægt að segja en að gríðarlega vel hafi tekist til.



Ljóm: Guðni Glásson

Dúnmjúkir litríkir púðar við háu borðin.



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Útsýnið þurfti ekki að laga en stiginn upp er nú miklu glæsilegri en áður.



Boltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi
stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

**frítt söluverðmat
sanngjörn sölubókun
fagljósmyndari**

„Minn metnaður er
heiðarleiki, vönduð vinnubrögð
og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson
löggtur fasteignasali
as@domus.is | gsm 896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
Hafnarfirði
www.domus.is



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

**Tré og
runnar**
í garðinn
þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is



400 dorgandi börn í Flensborgarhöfn

Fiskurinn var ekki eins ákafur og börnin en Friðrik (9) veiddi þó 929 gramma fisk

Árleg dorgveiðikeppni leikjanám-skeiðanna var haldin sl. fimmtudag í Flensborgarhöfn. Þarna mæta 6-12 ára gömul börn og reyna að lokka fiska til að bíta á öngul eða spún og nota ýmislegt sem beitu. Algengast var að sjá maísbaurir en einhverjir fómuðu rækju á öngulinn en engar sögur fara af árangri.

Það var ekki mikil veiði í ár en þó komu nokkrir vænir fiskar og kross-fiskar og krabbar slæddust með, börnunum til mikillar skemmtunar.



Hver veit nema þetta séu upprennandi sjómenn. Ekki skorti áhugann.

Börnin tóku veiðimennskunni af mismikilli alvöru en sumir foreldrar voru jafnvel ákafari en börnin og kannski eigum við eftir að sjá fleiri fjölskyldur við dorgveiði í Hafnar-fjarðarhöfn.

Keppt var í þremur flokkum; um flesta fiska, stærsta fiskinn og furðufiskinn.

Að þessu sinnu voru furðufiskarnir þrír krossfiskar og þá veiddu þeir Tristan 10 ára, Jón Oddur 7 ára og Kristjón 7 ára. Sá sem veiddi flesta fiska var Hrafnkell 10 ára en hann



Stundum nartaði fiskurinn aðeins og stundum beit hann á.



Marhnúturinn var óárennilegur með sína gadda og vissara að láta vera.




Þessar stúlkur voru vissar um að fá fisk þó samanburður á þeirra veiðarfærum og tölvustýrðu handfærarullunni væri þeim ekki hagstæður.

veiddi þrjá fiska. Friðrik Kristjánsson, 9 grömm. — Fleiri myndir má sjá á fjardarfrettir.is



Fjölmennt var á bryggjunni og krakkarnir óspart hvattir áfram.



TVENNUR TILBOÐ

TVÖFÖLD GLEÐI!

Þú sækir pizzu og stóran skammt
af brauðstöngum og færð
aðra pizzu sömu stærðar að auki.



ÍÞRÓTTIR

KNATTSPYRNA:

4. júlí kl. 19.15, Keflavík
Keflavík - Haukar, 1. deild karla
5. júlí kl. 19.15, Fjölnisvöllur
Fjölnir - Haukar, 1. deild kvenna
5. júlí kl. 19.15, Kaplakriki
FH - Þróttur R., 1. deild kvenna
8. júlí kl. 19.15, Kaplakriki
FH - Víkingur R., úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:
Haukar - FH: 1-2

ÚRSLIT KARLA:
Grindavík - FH: 0-0
FH - Grindavík: 7-1

sport@fjardarfrettir.is

Garðapjónusta

Garðsláttur, garðvinna. Vanur maður, góðar
vélur. Hagstætt verð. Geri tilboð.
Upplýsingar í s. 845 2100.

AUGLÝSING UM
SKIPULAGSLÝSINGU

**Þjóðlenda – breytt mörk sveitarfélagsins,
breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 -
2025. Nýtt deiliskipulag fyrir Leiðarenda.**

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 18. júní 2019 var eftirfarandi bókun gerð: *Lögd fram tillaga að skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar - Þjóðlenda, breytt mörk sveitarfélagsins og einnig fyrir nýtt deiliskipulag við Leiðarenda. Í stað þess að vinna tvær lýsingar eru þær sameinaðar í eina lýsingu í samræmi við gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.*

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlögð drög að skipulagslýsingu og að málsmeðferðin verði í samræmi við 40. gr. skipulags- laga nr. 123/2010 og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti framlagða lýsingu á fundi sínum þann 26. júní 2019.

Þegar vinna við tillögu að breytingu á aðalskipulagi og við gerð nýs deiliskipulags skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Lýsinguna má nálgast á www.hafnarfjordur.is og skal skriflegum ábendingum skilað á netfangið: berglingd@hafnarfjordur.is eigi síðar en 2. ágúst 2019.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

Íbúðarhúsnæði í stað
atvinnuhúsnæðis

Skipulagsvinna Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis kynnt



Tæplega 50 manns í heild mættu á kynningarfund um rammaskipulag fyrir Flensborgarhafnar- og Óseyrarsvæði.

Tæplega 50 manns mættu á íbúafund sl. fimmtudag í Setbergsskóla þar sem

BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Bifvélavirki óskast til starfa hjá
Bílaverkstæði Hafnarfjarðar.

Uppl. í síma 89 88 999

vinna við rammaskipulag fyrir Flensborgarhafnar- og Óseyrarsvæði var kynnt en skipulagið byggir á tveimur verðlaunatillögum í hugmyndasamkeppni um svæðið.

Orri Steinarsson arkitekt kynnti vinnu hönnuða þar sem fram kom að á sjálfu hafnarsvæðinu væri gert ráð fyrir blandaðri byggð með öllu nema íbúðum. Ætti að reyna að byggja upp fjölbreytta þjónustu á svæðinu. Fram kom eftir fyrirspurnir að allar byggingar yrðu um 3 hæðum lægri en hið nýreista húsnæði Hafrannsóknarstofnunar. Byggingarmagn yrði aukið mikið á öllu skipulagssvæðinu en mismikið þó. Á milli Hvaleyrarbrautar og Óseyrarbrautar er gert ráð fyrir 3-5 hæða húsum með inndregnum hæðum.

Í máli hans kom fram að fiskvinnsla væri að hverfa í Hafnarfirði en það þyrfti að hafa pláss fyrir litla báta og að aukin aðsókn væri eftir rými fyrir slíka báta. Sagði hann að í stað útgerðar væri að koma skemmtiferðaskip. Ekkert kom fram um öflugra útgerð rússneskra togara frá Hafnarfirði né aukna komu stórra togara frá Akureyri með afla í Hafnarfjarðarhöfn.

Töluvert var spurt um aðkomu stórra bíla að höfninni og virtist ekki vera komin endanleg lausn þar á.

Gerð er tillaga um að svæðið þar sem Íshúsið og slippurinn er nú verði með lágreistri byggð og þar eigi fólk að finnast að það verði í forgangi. Íshúsið á að halda sér en gert er ráð fyrir að aðstaða siglingaklúbbsins færist nær miðbænum.

Þá er gert ráð fyrir að hringtorgið við Strandgötu víki fyrir hefðbundnum gatnamótum og meira borgamynduðu umhverfi eins og það var orðað. Þar við er gert ráð fyrir húsi sem m.a. hýsi matarmarkað og undir því húsi verði bílastæðakjallari fyrir svæðið. Kynnt var að á svæðinu frá Íshúsinu og í átt að miðbænum yrðu tréþallar sem aðlögun að sjávarsvæðinu en auka á umferð gangandi og hjólandi þarna um. Gert er ráð fyrir að slippurinn hverfi alveg. Nokkur umræða var um tillögurnar en vinnu við þær átti að ljúka í maí en fram kom að búast mætti við lokaafurð í ágúst. Á fundi samráðsnefndar 6. júní sl. var gert ráð fyrir að áætluð verklok yrði í lok júnímánaðar.

Almenn ánægja virtist vera með tillögurnar um uppbyggingu á svæðinu.

Aðstaða til kynningar var mjög léleg í Setbergsskóla, lélegur myndvarpi en einnig afsþymulélagar skýringarmyndir eins og sjá má hér að neðan.



Eín af kynningarmyndunum sem fundargestum var boðið upp á.

www.fjardarfrettir.is

gudni@fjardarfrettir.is

auglýsingar: 896 4613


A female athlete with blonde hair in a high ponytail is in a starting crouch on a red running track. She is wearing a white sports bra, black leggings, and white sneakers. The background shows a green field, trees, and a building under a blue sky with light clouds. A white rectangular box is superimposed over the lower half of the image, containing promotional text.

**ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR**

BÆJARHRAUN 8 | KRINGLAN | ALTIS.IS

OPNUNARHÁTÍÐ Í NÝRRI MÚRBÚÐ SELHELLU 6 Í HAFNARFIRÐI

Laugardaginn 6. júlí
milli kl. 12 og 14



GRILLAÐAR PYLSUR
OG GOS FYRIR ALLA



34.320
Áður kr. 42.900

**20%
AFSLÁTTUR**

**Kaliber
Black II
gasgrill**
3 brennarar (9kW).
Grillflötur 60x42cm



45.990
Áður kr. 57.900

**Kaliber
Silver
gasgrill**
4 brennarar, (12kW)
Grillflötur 62x41cm

Kaliber
PREMIUM GRILL

**Kaliber
Ferðagagrill**

**20%
AFSLÁTTUR**



19.672
Áður kr. 24.590



25.492
Áður kr. 29.990

**Lavor Vertico 20
háþrýstidæla**

Orka: 2100W- 230V-50Hz
Hámarksþrýstingur: 140 bór Max
Vatnsflæði: 400 L/klst. Max

**15%
AFSLÁTTUR**



35.920
Áður kr. 44.900

MOWER CJ18

BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvidd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og
staða 25-80mm/10

**20%
AFSLÁTTUR**



59.920
Áður kr. 74.900

MOWER CJ21G

Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton
mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvidd
53cm/21", sjálfkúinn 3,4 km/klst.,
safnpoki að aftan 70 L, hliðar
útskilun, skurðhæð og
staða 25-80mm/8

**20%
AFSLÁTTUR**



**20%
AFSLÁTTUR**

18.712
Áður kr. 23.390

**Lavor Race 125
háþrýstidæla**

1800W, 125 bór
(170 bór m/turbo stút)
Vatnsflæði: 400 L/klst.



**15%
AFSLÁTTUR**

25.492
Áður kr. 29.990

**Lavor SMT
160 ECO**

2500W, 160 bór (245 m/
túrboástútt) 510 L/klst. Þrjár
stillingar: mjúk (t.d. viður), mið
(t.d. bill) og hörð (t.d. steypa).



21.165
Áður kr. 24.900

**Sláttuorff Mow
FBC310**

Sláttuorff: 1strokks
fjörgengis mótor.
0,7 kW Rúmtak 31CC,
Bensintankur 0,65 L

**15%
AFSLÁTTUR**



**GARÐVERKFÆRI
Á GÓÐU VERÐI!
MIKIÐ ÚRVAL!**

CERAVID þýsk gæði



3-6 lítra
hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
33.057
Áður kr. 38.890



Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhella 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

**FRÁBÆR
OPNUNARTILBOÐ Í
ÖLLUM VERSLUNUM**

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla/alltaf!
í Hafnarfirði